

Óbyggðanefnd
01 261

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Óbyggðanefnd

kt. 580998-3139

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Óbyggðanefnd er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs. Nefndin er sjálfstæð stjórnslunefnd sem á grundvelli III. kafla þjóðlendulaga og hefur þrjúþætt hlutverk.

1. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, 2. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og 3. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Nefndin er sjálfstæð og óháð stjórnslunefnd sem skipað er til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 113,1 milljónir og afkoma kr. -5,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 7,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 33,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Óbyggðanefndar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Óbyggðanefndar fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Þorsteinn Magnússon
Framkvæmdastjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	112.900.000	112.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	245.011	271.288
Tekjur samtals		<u>113.145.011</u>	<u>112.571.288</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	55.314.183	40.627.687
Annar rekstrarkostnaður	4	62.934.612	66.884.916
Afskriftir	5	245.011	271.288
Gjöld samtals		<u>118.493.806</u>	<u>107.783.891</u>
Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði		(5.348.795)	4.787.397
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(3.995)	(749)
		<u>(3.995)</u>	<u>(749)</u>
Afkoma ársins		<u><u>(5.352.790)</u></u>	<u><u>4.786.648</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Áhöld, tæki og búnaður		769.415	970.506
Fastafjármunir samtals		<u>769.415</u>	<u>970.506</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	6	32.689.376	20.687.977
Veltufjármunir samtals		<u>32.689.376</u>	<u>20.687.977</u>
Eignir samtals		<u><u>33.458.791</u></u>	<u><u>21.658.483</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Hrein eign		7.527.051	12.879.841
Eigið fé samtals		<u>7.527.051</u>	<u>12.879.841</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	6	3.820.680	1.199.192
Viðskiptaskuldir		13.838.582	1.478.357
Ýmsar skammtímaskuldir	8	4.626.660	3.310.264
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	9	3.645.818	2.790.829
Skuldir samtals		<u>25.931.740</u>	<u>8.778.642</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>33.458.791</u></u>	<u><u>21.658.483</u></u>
Aðrar upplýsingar	10		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(5.352.790)	4.786.648
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	245.011	271.288
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(245.011)	(271.288)
		<u>(5.352.790)</u>	<u>4.786.648</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Tengdir aðilar		(8.323.831)	(3.423.461)
Skammtímaskuldir		<u>13.676.621</u>	<u>(1.363.187)</u>
		5.352.790	(4.786.648)
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>0</u>	<u>0</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	5	(43.920)	0
		<u>(43.920)</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		43.920	0
		<u>43.920</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	112.900.000	112.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	245.011	271.288
	<u>113.145.011</u>	<u>112.571.288</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	112.900.000	0	0	112.900.000
Fjárveiting til tekna	112.900.000	0	0	112.900.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(118.252.790)	0	0	(118.252.790)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(5.352.790)	0	0	(5.352.790)

	2020	2019
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	44.122.157	32.774.478
Orlof, breyting	1.485.595	804.218
Launatengd gjöld	9.302.816	6.954.991
Starfsmannakostnaður	403.615	94.000
	<u>55.314.183</u>	<u>40.627.687</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	2,9	2,1
------------------------------	-----	-----

4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	180.138	120.270
Ýmis tæki og áhöld	78.165	61.659
Orkugjafir	0	452
Matvæli	705.979	645.163
Almennar rekstrarvörur	88.965	29.206
Vörukaup, almenn	<u>1.053.247</u>	<u>856.750</u>
Fundir, námskeið, risna	104.845	186.946
Ferðir, uppihald	137.903	499.323
Akstur	467.233	132.598
Sérfræðiþjónusta	55.467.940	60.132.957
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	11.303	2.758
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	591.991	486.842
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	875.801	1.250.339
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>57.657.016</u>	<u>62.691.763</u>
Samningsbundin kaup og leiga	473.370	361.392
Afnotagjöld	561.271	557.996
Leigugjöld	3.189.708	2.403.340
Verkkaup	0	10.315
Tryggingar, lögboðnar	0	3.360
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>4.224.349</u>	<u>3.336.403</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>62.934.612</u>	<u>66.884.916</u>

Skýringar

5 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	769.415	970.506
	<u>769.415</u>	<u>970.506</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 1.1.2020	3.547.942	3.547.942
Viðbætur á árinu	43.920	43.920
	<u>3.591.862</u>	<u>3.591.862</u>
Afskriftir 1.1.2020	2.577.436	2.577.436
Afskrift ársins	245.011	245.011
	<u>2.822.447</u>	<u>2.822.447</u>
Staða 31.12.2020	<u>769.415</u>	<u>769.415</u>

6 Tengdir aðilar

	31.12.2020	31.12.2019
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	32.689.376	20.687.977
	<u>32.689.376</u>	<u>20.687.977</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	3.820.680	1.199.192
	<u>3.820.680</u>	<u>1.199.192</u>

7 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	12.879.841	8.093.193
Afkoma ársins	(5.352.790)	4.786.648
Jöfnuður 31.12.	<u>7.527.051</u>	<u>12.879.841</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

8 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	4.626.660	3.141.065
Ógreidd laun	0	169.199
	<u>4.626.660</u>	<u>3.310.264</u>

Skýringar

9 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	769.415	970.506
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	2.876.403	1.820.323
	<u>3.645.818</u>	<u>2.790.829</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	970.506	1.820.323	2.790.829
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.100.000	1.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	43.920	(43.920)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(245.011)	0	(245.011)
	<u>769.415</u>	<u>2.876.403</u>	<u>3.645.818</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 0,2 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

10 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert rekstrar- og þjónustusamninga til næstu ára. Árlegar greiðslur rekstrar- og þjónustusamninga eru kr. 0,5 milljónum. Óbyggðanefnd er í húsnæði á vegum Rekstrarfélags Stjórnarráðsins, árleg greiðsla húsaleigu er áætluð kr. 3,4 milljónir.

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning við Þjóðskjalasafn Íslands um gagnaöflun, áætluð lok 2024, skuldbinding næsta árs er kr. 42,5 milljónir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.